

122. fundur í skólanefnd ME

haldinn þriðjudaginn 17. Maí 2015 kl. 17 í fundarherbergi skólans

Mættir skólanefndarmenn: Gauti Jóhannesson, Ragnhildur Rós Indriðadóttir, Skúli Björn Gunnarsson og Steinunn Ásmundsdóttir sem varamaður fyrir Esther Gunnarsdóttur. Ekki tókst að fá varamann fyrir Önnu Björk.

Áheyrnarfulltrúar mættir: Jóney Jónsdóttir, Jón Kristinn Arngrímsson og Ásgerður Hlín Þrastardóttir.

Jafnframt sátu fundinn: Helgi Ómar Bragason skólameistari, Elín Rán Björnsdóttir mannauðsstjóri og Árni Ólason áfangastjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl 17:00. Gengið til dagskrár.

Dagskrá:

1. Staðfesting fundargerðar 121. fundar.

Fundargerðin var samþykkt samhljóða.

Lagt til að næsti fundur skólanefndar verði þriðjudaginn 05 maí.

2. Starfsmannamál:

- Ráðning náms- og starfsráðgjafa

Skólameistari fór yfir stöðu starfsmannamála. Ýmsar breytingar í loftinu. Þeirra helstar eru: Arnar Sigbjörns og Ólöf Björk fara í námsleyfi næsta haust og Jóney Jónsdóttir hættir störfum. Stöður leiðbeinenda verða síðan auglýstar í vor eins og lög gera ráð fyrir. Stefanía Ósk snýr aftur úr leyfi í haust.

Rætt um umsóknir um náms og starfsráðgjöf. Þrír voru kallaðir í viðtöl og einn aðilinn kom áberandi best út. Sá verður væntanlega ráðinn á vordögum

Fastráðningarmál kennara rædd.

Lagt til að vinnureglur við fastráðningu verði kynntar á maífundum skólanefndar. Þar verði jafnframt útskýrður munur á ráðningarsamningi og „starfssamningi“

3. Fjármál:

- Rekstrarreikningur 2014 – bráðabirgðaniðurstöður.

Við síðustu mánaðarmót var skólinn í 20 milljónir í plús en ekki var búið að greiða vegna fjarnáms, þannig að þetta er sýnd veiði en ekki gefin.

Talsverð endurnýjun var á síðasta ári í tölvum og sendabúnaði + öryggismyndavélakerfi skólans var endurnýjað.

Enn er ákveðin óvissa um niðurstöðutölur ársins 2014 vegna seinagangs ríkisins í skilum vegna td starfsbrauta.

- Fjárhagsáætlun fyrir 2015 - kynning.

Þar er ákveðin óvissa td vegna ólokinna kjarasamninga kennara. Þar sem forsendur taka sífelldum breytingum þá er afar erfitt að gera marktæka áætlun en málin ættu að skýrast fyrir maí fundinn.

4. Önnur mál:

- Aðgerðaáætlun í starfsmannaáætlun – staða mála.

Elín Rán mannauðsstjóri fór yfir aðgerðaáætlun í starfsmannamálum, hvað hafi verið gert og hvað enn þurfi að bæta.

Hún sýndi einnig drög að umbótaáætlun byggða á starfsmannaviðtölum þessa skólaárs.

Margir kvarta yfir upplýsingaskorti um hagi nemenda, sérstaklega í upphafi.

Mörg vandamál sem minnst er á eru gegnumgangandi fyrir vinnustaði af svipaðri stærð, td varðandi bresti í mannlegum samskiptum.

- **Aukið samstarf ME og VA**

Formaður skólanefndar og skólameistari hittu kollega sína í VA nú í vetur, með meira samstarf skólana í huga. Liður í því er sameiginlegur kynningardagur framhaldsskóla á miðausturlandi sem haldinn verður í næstu viku hér í ME. Stjórnendur eru sammála um að það sé sameiginlegt baráttumál þessara skóla að halda nemendum á framhaldsskólaaldri sem mest á Austurlandi

- **Framhaldsdeild á Vopnafirði.**

Málin munu skýrast í innritunarferli nemenda þaðan í vor en nemendur þar virðast tregir að vera heima við í framhaldsdeild á Vopnafirði. Telja það þó góðan möguleika fyrir þá árganga sem eftir þeim koma.

- **Staðfestar námsbrautir ME**

ME er í fararbroddi þeirra skóla sem hafa skilað inn námsbrautum til staðfestingar. Nú eru allar brautir skólans samþykktar frá ráðuneyti og margir skólar líta til reynslu skólans í þeirri námsskrárgerð sem nú á að vera klár með haustinu.

Kynningarmálin eru enn sem áður mjög mikilvæg og uppfærsla heimasíðunnar er lykilatriði í sókn á þeim vettvangi.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl 19.01

Fundargerð ritaði Árni Óla